

900 Verktakatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Inngangur.

- 1.1 Vátrygging þessi byggist á vátryggingarbeiðni, sem vátryggingartaki hefur fyllt út, undirritað og afhent TM tryggingum hf. sem hér eftir er nefnt “félagið”. Umsókn þessi er jafnframt hluti af vátryggingarsamningnum.

2. Vátryggingarsvið.

- 2.1 Vátryggingin bætir skyndilegt og ófyrirsjáanlegt tjón, sem ekki er sérstaklega undanþegið í skilmálum þessum, sem verða kann á mannvirki því sem unnið er við á framkvæmdartímanum svo og á efni því sem nota á í það. Vátryggingin bætir slíkt tjón í samræmi við þær fjárhæðir sem fram koma í vátryggingarskírteininu.

3. Takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar.

- 3.1 Vátryggingin tekur ekki til:
- óvenjulegra útgjalda t.d. (til dæmis) vegna verkfalla, verkbanna, yfirvinnu eða vinnu á helgidögum nema um það sé getið í vátryggingarskírteininu,
 - útgjalda vegna flugfraktar eða hraðsendinga nema um það sé getið í vátryggingarskírteini,
 - aukakostnaðar vegna annarra tegunda byggingarefna en hinna upprunalegu og breytinga á hönnun mannvirkisins eftir tjón,
 - tjóns á peningum, peningaígildi, verðbréfum, frímerkjum eða öðrum verðmætum pappírurum,
 - tjóns á líkönnum og teikningum sem nemur meira en því sem það kostar að útvega aðrar sams konar,
 - tjóns sem stafar af sliti, hægri rýrnun, straum- eða rafmagnstruflunum, vélarbílun eða gagntruflunum í vél,
 - tjóns á vélum og tækjum vátryggðs vegna hvers konar bilunar sem ekki verður vegna skyndilegs, utanaðkomandi og ófyrirsjáanlegs atviks,
 - tjóns sem stafar af því að rangt eða gallað efni er notað, en þó aðeins að því er varðar þann hluta mannvirkisins sem verður beint fyrir tjóni en ekki annarra hluta þess sem verða fyrir tjóni sem afleiðing af fyrsta tjóni,
 - afleidds tjóns af hvaða orsökum sem er, þ.m.t. (þar með talið) dagsekta vegna seinkunar verks eða þess að ekki hefur verið staðið við samningsbundnar skyldur,
 - tjóns sem stafar af algerrri vinnustöðvun eða vinnustöðvun að hluta,
 - tjóns sem kemur fram sem fjárhagstap þegar slíkt tjón kemur aðeins fram við reikningsuppgjör eða vörutalningu,
 - tjóns sem stafar af rangri og/eða ófullkominni hönnun og/eða útreikningum,
 - tjóns á þeim hlutum eða einingum mannvirkis sem afhentir hafa verið eða teknir í notkun,
 - kostnaðar vegna hreinsunar úrgangs- eða eitrefna í umhverfi eða jarðvegi þó um bótaskyldan tjónsatburð sé að ræða,
 - tjóns sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppþota, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
 - hvers kyns tjóns af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
 - hvers konar tjóns vegna líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka.
- 3.2 Vátryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna taps eða tjóns, sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum dagsetninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða sambands þessa hvoru tveggja. Undanþága þessi á við allar dagsetningar, hvort sem þær tengjast aldamótum eða öðrum tíma. Með “**dagsetningu**” er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tímasetningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða sambandi þess hvoru tveggja. Með “**búnaði**” er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra ápreifanlega hluti eða hóp hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi, þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur.

900 Verktakatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Með “kerfi” er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þess og hvers konar miðil fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða annars óápreifanlegs eða ápreifanlegs.

Undanþága þessi nær ekki til tjóns, sem stafar af bruna, sprengingu, hrapi, þjófnaði eða vatnsskaða.

4. Svik og rangar upplýsingar.

- 4.1 Hafi váttryggingartaki við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. (samanber) 20. gr. (grein) váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu enn fremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 4.2 Veiti váttryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. váttryggingarsamningalaga.

5. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 5.1 Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir valdi starfsmenn váttryggðs, sem gegna ábyrgðarstöðum hjá honum, tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

6. Breytt áhætta.

- 6.1 Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu tafarlaust:
 - a. ef á váttryggingartíma verður breyting á áhættu þeirri sem tilgreind er í váttryggingarskírteininu eða vinnuaðferðum og/eða framgangi verksins, jafnvel þó aðeins sé um tímabundna breytingu að ræða,
 - b. ef aðrar breytingar (t.d. (til dæmis) varðandi gerð eða notkun váttryggðra eigna), sem auka hættu á tjóni, verða á starfsemi hans eða hlutum er váttryggingin tekur til,
 - c. ef keypt er önnur váttrygging sem tekur til sömu áhættu,
 - d. ef eigendaskipti verða, þ. á m. (þar á meðal) ef rekstrarform breytist.
- 6.2 Félagið áskilur sér rétt til að segja váttryggingunni upp með 30 daga fyrirvara eða breyta váttryggingarkjörum ef einhverjar breytingar verða sem getið er í 1. mgr. (málgrein).
- 6.3 Láti váttryggður hjá líða að tilkynna breytingar skv. samkvæmt) 1. mgr. getur hann misst rétt til váttryggingarbóta eftir reglum váttryggingarsamningalaga.

7. Varúðarreglur.

- 7.1 Allar vélar og tæki sem eru háð opinberu eftirliti skulu ávallt fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til ástands þeirra.
- 7.2 Öll sprengivinna skal vera undir stjórn aðila sem hefur til þess lögmæt réttindi.
- 7.3 Brot gegn varúðarreglum skv. 1. og 2. mgr., svo og öðrum varúðarreglum sem kunna að verða settar, getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

8. Skoðun.

- 8.1 Félagið hefur heimild til að skoða starfssvæði verktakans hvenær sem er og hafa þá jafnframt aðgang að viðeigandi gögnum sem tengjast framkvæmdunum.

9. Gildistími, endurnýjun og uppsögn.

- 9.1 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 10.1. Ekki er þó skylt

900 Verktakatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé váttryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.

- 9.2 Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. getur váttryggingartaki ekki sagt váttryggingarsamningnum upp á váttryggingartímanum til að flytja váttrygginguna til annars félagsins.
- 9.3 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.
- 9.4 Sé tiltekið mannvirki váttryggt er um skammtímatryggingu að ræða og því ber félagið enga ábyrgð eftir lok þess váttryggingartímabils, sem í váttryggingarskírteini er tilgreint, nema váttryggingartaki hafi óskað eftir framlengingu váttryggingarinnar.

10. Greiðsla iðgjalds.

- 10.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 10.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 10.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 10.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 10.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 10.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

11. Váttrygging á ábyrgðartíma.

- 11.1 Váttryggingin gildir því aðeins á meðan ábyrgðartími váttryggðs á verkinu varir að þess sé sérstaklega getið í váttryggingarskírteininu.
- 11.2 Eftir afhendingu mannvirkisins, eða þegar það er tekið áður í notkun að öllu leyti eða að hluta, nær váttryggingin til þeirra tjóna, sem verða kunna á því eða hlutum þess sem váttryggðir eru samkvæmt váttryggingarskírteininu sjálfu.

12. Tilkynning um tjón og ráðstafanir til varnar tjóni.

- 12.1 Hafi tjón orðið, sem félaginu er talið skylt að bæta, skal váttryggður tilkynna það félaginu þegar í stað.
- 12.2 Þá hvílir á honum sú skylda að gera það sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir frekara tjón á váttryggðri eign, jafnt skemmdri sem óskemmdri, þar til menn á vegum félagsins geti skoðað tjónið.

13. Váttryggingarfjárhæðir og váttryggingarverðmæti.

Eftirfarandi váttryggingarfjárhæðir skal tilgreina í váttryggingarskírteini:

- a. endanlegt kostnaðarverð mannvirkis, þ.e. (það er) upphæð verksamnings auk efnis og annarra verðmæta sem verkkaupi leggur til.
- b. hreinsunaraðgerðir eftir tjón, ákveðin fjárhæð í hverju tjóni.

900 Verktakatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

c. búnað verktaka, s.s. (svo sem) vinnupalla, verkfæri, vinnuskúra, fatnað, lagnir, mót o.fl. (og fleira), og skal fjárhæðin nema endurkaupsverðmæti nýrra hluta sömu tegundar og með sömu afkastagetu án frádráttar vegna aldurs eða notkunar.

- 13.2 Eftir að verkinu er lokið og endanlegt kostnaðarverð liggur fyrir skal það tilkynnt félaginu svo fljótt sem því verður við komið.
- 13.3 Sé það verð hærra en váttryggingarfjárhæðin skal váttryggingartaki greiða félaginu viðbótariðgjald í hlutfalli við það.
- 13.4 Sé váttryggingarfjárhæð lægri en váttryggingarverðmæti er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim sem er á váttryggingarfjárhæð og váttryggingarverðmæti.
- 13.5 Verði tjón lækkar váttryggingarfjárhæðin sem bótunum nemur og helst þannig frá tjónsdegi að telja til loka váttryggingartímabilsins nema váttryggingartaki greiði viðbótariðgjald sem miðað er við bótafjárhæðina.

14. Uppgjör tjóns.

- 14.1 Ábyrgð félagsins er í sérhverju tjónstilviki takmörkuð við váttryggingarfjárhæðina eins og hún er tilgreind í váttryggingarskírteininu að frádreginni eigin áhættu váttryggðs.
- 14.2 Félagið greiðir allan venjulegan kostnað við að koma mannvirkinu í sama ástand og það var í rétt fyrir tjónið, svo framarlega sem kostnaður vegna þess fer ekki fram úr váttryggingarfjárhæðinni.
- 14.3 Við tjón, sem unnt er að gera við, greiðist eðlilegur kostnaður við lagfæringu hins skemmda þannig að það komist aftur í sama ástand og það var í rétt fyrir tjónið.
- 14.4 Sé um altjón að ræða nema bæturnar nývirði eins og það var rétt fyrir tjónið.
- 14.5 Með "nývirði" er átt við kaupverð nýs hlutar skömmu fyrir tjónið en sú upphæð er síðan lækkuð hæfilega vegna aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis eða annarra kringumstæðna.
- 14.6 Tjón telst altjón ef kostnaður við viðgerð er meiri en tjónsupphæðin sem reiknuð var í 4. mgr.

15. Greiðsla bóta og vextir.

- 15.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.

16. Eigin áhætta váttryggðs.

- 16.1 Við greiðslu tjóns skal upphæð, sem nemur eigin áhættunni og tilgreind er í váttryggingarskírteininu, dregin frá bótaupphæðinni.
- 16.2 Sé um að ræða fleiri en eitt tjón vegna óskyldra atvika gildir eigin áhætta fyrir sérhvert tjón jafnvel þótt tjónin verði á sama tíma.
- 16.3 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þó að krafan og kostnaðurinn samanlagt verði meiri en fjárhæð eigin áhættu.

17. Lög um váttryggingarsamninga.

- 17.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

18. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 18.1 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 18.2 Þrátt fyrir úrræði 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 18.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

900 Verktakatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.

SKILDAGAR.

Eftirfarandi skildagar gilda ef þeirra er getið á skírteini eða iðgjaldskvittun.

Nr. 1. Skildagi fyrir hreinsunarkostnað eftir tjón.

Vátryggingin bætir þann kostnað sem til fellur vegna hreinsunar og þrifa eftir bótaskyلت tjón. Bætur takmarkast við þá fjárhæð sem fram kemur á vátryggingarskírteini.

Nr. 2. Skildagi fyrir aðliggjandi eignir.

Vátryggingin bætir vátryggðum tjón eða skemmdir á aðliggjandi eignum, sem staðsettar eru á eða næst við framkvæmdastað og tilheyra eða eru í vörslu, gæslu eða undir stjórn vátryggðs. Skildagi þessi gildir að því tilskildu að slíkt tjón eða skemmdir hljóttist beinlínis af byggingu eða prófun framkvæmdanna, sem tryggðar eru samkvæmt vátryggingarskírteini og hljótast á vátryggingartímabilinu.

Skildagi þessi nær ekki til tjóna eða skemmda vegna náttúruafla eða hvers kyns annarra orsaka sem ekkert eiga skyلت við framkvæmdirnar. Bætur takmarkast við þá fjárhæð sem fram kemur á vátryggingarskírteini, þ.e. verðmæti aðliggjandi eigna.

Nr. 3. Skildagi fyrir eftirvinnu.

Vátryggingin bætir vátryggðum aukakostnað vegna eftirvinnu, næturvinnu og vinnu á almennum frídögum, sem stofnað er til í sambandi við bótaskyلت tjón. Bætur takmarkast við þá fjárhæð sem fram kemur á vátryggingarskírteini.

Nr. 4. Skildagi fyrir hraðflutninga.

Vátryggingin bætir vátryggðum aukakostnað vegna hraðflutninga, sem stofnað er til í sambandi við bótaskyلت tjón. Bætur takmarkast við þá fjárhæð sem fram kemur á vátryggingarskírteini.

Nr. 5. Skildagi fyrir viðhald á ábyrgðartíma.

Um það er samið að vátryggjendur bæti vátryggðum verktaka/verktökum eingöngu tjón eða skemmdir á eignum tryggðum samkvæmt kafla 1.1, sem verða á ábyrgðartímabili því sem tilgreint er á vátryggingarskírteini og eingöngu þegar þær orsakast af hendi verktaka meðan hann er á verktakastaðnum í þeim tilgangi að vinna hvers kyns störf til að sinna viðhaldsskyldu samkvæmt samningnum.

Ábyrgðartímabil hefst eftir að lokaúttekt á verkinu hefur átt sér stað og lýkur þann dag sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini. Upphæð vátryggingarinnar er sú sama og áætlað samanlagt samningsverðgildi við

900 Verktaktrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

lok framkvæmda samkvæmt samningnum.

Nr. 6. Skildagi fyrir vélar og tæki verktaka.

Vátryggðar eru allar vélar og öll tæki sem tilgreind eru á lista sem fylgir vátryggingarskírteini. Á listanum skulu nývirðisverðmæti eignanna koma fram. Um þennan skildaga gilda að öllu leyti skilmálar TM trygginga hf. nr. 231 um kaskótryggingu vinnuvéla.

Nr. 7. Skildagi vegna landsigs.

Þrátt fyrir skilmála, skilyrði og aðra skildaga verktaktryggingarinnar þá greiðir félagið ekki bætur til vátryggðs vegna tjóns, sem verður vegna landsigs ef það er vegna ónógrar þjöppunar eða lagfæringar á jarðvegsgrunni, ef það er líklegt að gerast með tilliti til jarðvegsgrunns, efnis og/eða aðferða við verkframkvæmdir og á ekki eingöngu rætur sínar að rekja til óvænts atburðar.

Nr. 8. Skildagi vegna hryðjuverka.

Þrátt fyrir skilmála, skilyrði og aðra skildaga verktaktryggingarinnar, þá greiðir félagið ekki tjón af völdum hryðjuverka, þ.m.t. óbeint tjón. Með tjóni af völdum hryðjuverka er hér átt við hvers konar tjón eða skemmdarverk sem valdið er af ásettu ráði með saknæmum og ólögmætum hætti m.a. (meðal annars) með því að beita hvers konar ólögmætu valdi eða ofbeldi eða hótunum um að beita slíku valdi eða ofbeldi, hvort sem í hlut eiga einstaklingar eða hópur manna sem koma fram einir og sjálfstæðir eða eru hluti annarra hópa eða samtaka, skipulagðra eða óskipulagðra, og án tillits til þess af hvaða ástæðum eða í hvaða tilgangi tjóni er valdið.